



Fundargerð

446. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
Þriðjudaginn 11. feb. 2020 kl. 15:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Ingimar Ingimarsson (II), Árný Huld Haraldsdóttir(ÁHH), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir(EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir(JÖE) og Rebekka Eiríksdóttir í forföllum Ágústu Ýr Sveinsdóttur(ÁÝS) auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður.

Dagskrá:

Fundargerðir sveitarfélagsins.

1. Mennta- og menningarmálanefndar frá 6. febrúar 2020:

Formaður nefndarinnar ÁHH fór yfir fundargerðina.

Tekinn fyrir 2. liður fundargerðarinnar um leikskólann.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar að auglýst verði eftir leikskólastjóra og leikskólakennara sem fyrst.

Sveitarstjóra og formanni Mennta- og menningarmálanefndar falið að útfæra afslátt vegna skertrar leikskólaþjónustu í febrúar í samráði við stjórnendur skóla og leikskóla. Sveitarstjórn þakkar Birgittu Jónasdóttur fráfarandi aðstoðarleikskólastjóra fyrir vel unnin störf fyrir Reykhólahrepp og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Fundargerðin samþykkt að öðru leyti.

Mál til afgreiðslu.

2. Auðnast - tilboð:

Lagt fram tilboð frá Auðnast um gerð áhættumats sem nær til öryggis-, heilbrigðis- og vinnuverndarmála sem snúa að starfsmönnum Reykhólahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir tilboðið og felur sveitarstjóra að ganga frá samningi við Auðnast.

Sveitarstjóra falið að gera tillögu að breytingu á fjárhagsáætlun 2020 vegna kostnaðar við verkefnið fyrir næsta sveitarstjórnarfund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.16:40
